

Sólóvél í Básun

Opnið fyrir krana á eldsneytislögn. Kraninn í litla skála er niðri við gólf.



Snúningshnappur á blöndungi er í upphafi stilltur á 4, en eftir að byrjar að hitna í húsinu er hæfilegt að lækka hann niður í 2. Þrýstið niður hnapp framan á blöndungnum.



Framan á eldavélinni eru þrjár lúgur hver yfir annari. Efst er eldhólfið og nú þegar búið er að opna fyrir blöndunginn og krana á olíuleiðslu ætti olía að fara að renna þar inn. Þá er hægt að kveikja upp þar með eldspýtu, sprittkubb eða bréfi, en áður er gott að hreinsa út sót. Trekkhólfið þarf að opna um ca. 2-3 cm. þannig að súrefni komist þar að. Eftir að kveikt hefur verið upp er eldhólfinu lokað.

Við frágang þegar slökkt er á vélinni er skrúfað niður á blöndunginum, hnappinum framan á honum ýtt létt upp og skrúfað fyrir eldsneytisleiðsluna.